

Dagskrá foreldrafélags Stóru-Vogaskóla veturinn 2008-2009.

Kæru foreldrar. Hér er örstutt yfirlit yfir þá atburði sem eru á döfinni hjá foreldrafélaginu í vetur. Sendar verða út tilkynningar og auglýsingar þegar nær dregur að hverjum atburði fyrir sig.

1. **Jólafondur.** Þann 29. Nóvember n.k. (laugardagur) verður jólafondur foreldrafélagsins í Tjarnarsalnum. Við ætlum að hittast kl. 10:00 og vera fram að hádegi. Nokkrir jólafondurpakkar verða seldir á kostnaðarverði líkt og í fyrra. Jólafondrið er fyrir alla nemendur skólans, systkini, foreldra og afa og ömmur☺. Það er tilvalið fyrir fjölskylduna að taka sér frí frá amstri hversdagsins og koma saman og hafa það huggulegt. Jólafondrið verður auglýst nánar í næstu viku.
2. **Aðventutónleikar.** Í ár stendur stjórn foreldrafélagsins fyrir þeirri nýjung að halda aðventutónleika fyrir alla fjölskylduna. KK og Ellen ætla að koma og spila fyrir okkur þann 3. desember (miðvikudagur) kl.20:00 í Tjarnarsalnum. Við hvetjum alla foreldra til að mæta með börnin og draga til sín andlega næringu á aðventunni☺. Frítt er inn á tónleikana. Nánar um þetta síðar.
3. **Leikhúsförð.** Ákveðið hefur verið að skipuleggja leikhúsförð eftir áramót. Við ætlum að sjá Kardimommubæinn þann 15. Mars 2009 kl. 14:00. Með magnkaupum höfum við náð að kaupa miðana á 2000 kr. stykkið. Þá hefur stjórn foreldrafélagsins ákveðið að niðurgreiða miða fyrir nemendur skólans frekar um 500 krónur, þannig að miðaverð fyrir nemendur verður 1500. Þátttakendalistar um leikhúsförð verða sendir eftir áramót. Nánar um þetta síðar.
4. **Vorhátíð.** Með hjálp og samstarfi margra góðra manna og kvenna, tókst vorhátíð Stóru-Vogaskóla mjög vel í fyrra. Það er því von stjórnar að vorhátíðin festi sig í sessi sem einn af árlegum viðburðum skólastarfsins. Áætlað er að hátíðin verði með sama

sniði vorið 2009 og árið á undan, og á svipuðum tíma eða rétt fyrir skólaslit. Vorhátíðin verður auglýst nánar síðar.

Með góðum kveðjum og von um gott samstarf í vetur

Stjórn foreldrafélags Stóru-Vogaskóla.